

Lög

Nr. 22
6. okt.

um

hæstarjett.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alpingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stofna skal hæstarjett á Íslandi, og er dómsvald hæstarjettar Danmerkur í íslenskum málum jafnframt afnumið.

2. gr.

Landsyfirdóminn í Reykjavík skal leggja niður, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Til hæstarjettar má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðað í hjeradi, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Synodalrjettinn skipa 5 dómendur, dómstjóri hæstarjettar sem formaður, 2 hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri í dóminum, og 2 guðfræðingar, er dómstjóri kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastadóm í hjeradi, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi afbrotum og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastadómur tekur yfir.

II. kafli.

Um skipun hæstarjettar o. fl.

4. gr.

Hæstarjett skipar dómstjóri og 4 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti.

5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendur en 5.

Nr. 22 Ef autt verður sæti dómstjóra, skal sá hæstarjettardómari, sem lengst hef-
6. okt. ir gegnt því embætti, stýra dómi

Ef autt verður sæti hæstarjettardómara, skipa kennarar lagadeildar há-
skólans það, eftir þeim reglum, sem gilt hafa um landsyfirdóminn.

6. gr.

Hæstarjettardómari hver skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja
eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.

2. Hafa verið 3 ár hið skemsta dómari í landsyfirdóminum, skipaður kenn-
ari í lögum við háskólann, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, dómari (bæjarfógeti) í
einhverjum af kaupstöðum landsins, hæstarjettarritari eða málflutningsmaður við
hæstarjett.

Rjett er að skipa þann hæstarjettardómara, sem hefir gegnt samanlagt
alls 3 ár fleiri en einni af áður nefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skil-
yrði, ef hæstirjettur mælir með því.

3. Sje 30 ára gamall.

4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og
sje að minsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sje hæfur til þess að skipa sæti
í dóminum.

5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri
og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að
fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í hæstarjetti.

7. gr.

Eigi má hæstarjettardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skifta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðilja í einkamáli eða ákærðum í op-
inberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann
er maki aðilja eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturfor-
eldri eða fósturbarn.

3. Ef hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða
niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

4. Ef hann hefir leiðbeint aðilja í málinu eða flutt það eða verið vitni í
því eða matsmaður.

5. Ef hann hefir felt dóm eða úrskurð í málinu í hjeraði.

6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja má hætt við, að hann liti eigi
óhlutrægt á málavexti.

8. gr.

Bæði aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í hæstarjetti geta krafist
þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki úr sæti í einstöku máli af ástæð-
um þeim er í 7. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

Konungur skipar hæstarjettarritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi.

10. gr.

Hæstarjettarritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til hæstarjettar.
2. Heldur bækur hæstarjettar
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í tje eftirrit af bókur dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins. Samsvarandi störf öll vinnur hæstarjettarritari fyrir synodalrjett.

11. gr.

Hæstirjettur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágríp af því, er í hverju þinghaldi gerist.
 2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
 3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
 4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær st. fna hafi verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hafi verið þingfest og hve nær dæmt, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hve nær það hafi verið dæmt o. s. frv.
 5. Dagbók.
 6. Brjefabók.
 7. Aukatekjubók.
 8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.
- Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald.

12. gr.

Hæstirjettur skal haldinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum hæstarjettarar, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hve nær þingleyfi skuli vera.

Um málflytningsmenn fyrir hæstarjetti.

13. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararjett, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málflytningsstarfa í hæstarjetti, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með I. einkunn.
2. Gegnt málflytningsstörfum að afloknu prófi 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu hæstarjettarmálflytningsmanns sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flytningi 4 mála, og sje eitt þeirra að minsta kosti opinbert mál, að hann sje að dómi hæstarjettar hæfur til að verða hæstarjettarmálflytningsmaður. Enginn má oftara en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflytningsmaður fyrir hæstarjetti.

14. gr.

Áður en manni sje veitt leyfi til málflytningsstarfa í hæstarjetti skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmensku og samviskusemi mál þau, er hann tekur að sjer.

15. gr.

Fyrir leyfi til málflytnings fyrir hæstarjetti skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

16. gr.

Hafa skulu hæstarjettarmálflytningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grend.

Skyllt er þeim að inna sjálfum af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim; þó er þeim rjett, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum hæstarjettarmálflytningsmanni. Þegar mál er skriflega flutt eða ef hæstarjettarmálflytningsmaður getur eigi sjálfur sótt þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rjett að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

17. gr.

Skyllt er hæstarjettarmálflytningsmönnum að flytja opinber mál, er dómstjóri skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skyllt að annast fyrir hæstarjetti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar sjer skipaðan ákveðinn hæstarjettarmálflytningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema einhverjar sjerstakar ástæður mæli því í gegn.

Rjett er aðilja, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda fjelags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir hæstarjetti. Einnig er honum rjett að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema hæstarjettarmálflutningsmaður sje, eða samband við aðilja sje slíkt, sem nú var mælt.

19. gr.

Rjett er hæstarjettarmálflutningsmönnum að áskilja sjer hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af málsupphæð, og herra endurgjald ef mál vinst en ef það tapast.

20. gr.

Ef hæstarjettarmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 13. gr. segir, þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu meðan svo er ástatt. Sama er, ef hann hefir eigi skrifstofu í Reykjavík eða flytst búferlum. Enn fremur skal dómsmálaráðherra, ef hæstirjettur leggur það til, svifta málflutningsmann leyfi, ef hæstirjettur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberum málum, viðvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. kafli.

Um stefnur og stefnufrest.

21. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til hæstarjettar sem hjer segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn hæstarjettarritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður dómstjóri í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það, að minsta kosti 3 vikum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður.

2. Stefnufrest skal miða við 1. dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í hjeraði.

Hæstarjettarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

Nr. 22

6. okt.

22. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalrjettarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, er gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til landsyfirdóms Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar dómstjóra, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fjótt sem unt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sjerstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar að minsta kosti vikutíma hvorum fyrir þingfesting.

V kafli.

Um það, hvaða mál megi bera undir hæstarjett.

23. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til hæstarjettar, enda fer um skyldu framkvæmdavaldsins til að áfrýja slíkum málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun þeirra til landsyfirdóms

24. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til hæstarjettar, ef sakarefni verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfelagsrjett manns eða þjóðfelagsskyldu, atvinnurjettindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til hæstarjettar, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sjerákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfu, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til alt að einu.

Hvarvetna, þess er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rjett að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málgr., eftir því sem við á.

25. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til hæstarjettar, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 24. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til yfirdóms.

26. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til hæstarjettar, í hvaða skyni sem áfrýjað

er, áður 6 almanaksmánuðir sjeu liðnir frá dómuppsögn eða úrskurðar, ef honum Nr. 22 verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu 6. okt. sjerákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sje frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

27. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 26. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi í hæstarjetti, og er honum þá rjett að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 26 gr. sje liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

28. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sje liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 26. gr. segir. Enn fremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sinu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbrjefs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfi fyrirgert.

Ákvæði 27. gr. skal hjer gilda, svo sem við á.

29. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

30. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum hæstarjettar, leyft, að mál, sem þar hefir verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sjer um kenna.

31. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til hæstarjettar samkvæmt ákvæðum þessa kafa.

32. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem hingað til hafa gilt, fyrir landsyfirdómi, sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir hæstarjetti.

33. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm,

Nr. 22 þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 26. gr. segir, þegar 6. okt. áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingar, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. kafli.

Um meðferð mála fyrir hæstarjetti.

34. gr.

Skjóta má dómsathöfn til hæstarjettar í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytinga á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði að eins breytt að efni til.

35. gr.

Aðiljar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrjett sakarfnis, svo sem tíðkast hefir, eftir því sem samrímamlegt er lögum þessum.

36. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur má eigi bera fram í hæstarjetti í einkamálum, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, frammar en tíðkast hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv., með sama hætti sem áður gildi um yfirdómsmál.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sjer rjett til þess í stefnu. Enn fremur skal hann leggja fram ný gögn, eða eftirrit af þeim, og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

37. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skifta, og leggja það fram á skrifstofu hæstarjettar, að minsta kosti 14 dögum áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sje gagnáfrýjað.

38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarjetti skal munnleg vera, á íslensku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

39. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágríp dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftara tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rjett að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rjett, að sókn og vörn sje tvisvar flutt.

40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsg. gilda þó eigi, ef hæstirjettur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstirjettur þá fresti til sóknar og varnar.

42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávisunar máls frá hæstarjetti, þá skal hann skýra hæstarjettarritara frá því og greina ástæður, að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer.

43. gr.

Dómstjóri stýrir þinghaldi, og er honum rjett að heimta það, að málflytjandi haldi sjer við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

Nr. 22

6. okt.

44. gr.

Dóm skal upp kveða jafnskjótt sem unt er, og venjulega má eigi annað mál fyrir taka meðan nokkurt mál, sem undir dóm hefir verið tekið, er ódæmt.

45. gr.

Dómar og úrskurðir skulu vera rökstuddir og byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er hæstirjettur þó eigi bundinn við kröfur málflytjenda, og er rjett að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

Dómsatkvæði skulu rökstudd vera og skrifleg. Þó mega þeir, sem samdóma eru áður fram komnum atkvæðum, samþykkja þau að rökum til eða niðurstöðu. Sá dómari greiðir fyrstur atkvæði, sem síðast var skipaður í dóminn, og svo eftir röð. Ræður afl atkvæða úrslitum. Dómstjóri sjer um samning dómsins.

Hæstarjettarritari undirritar dómseftirrit.

46. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstarjettardóma, nema maður sje dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Ef hæstirjettur kveður upp dauðadóm, skal hann jafnframt gera tillögur um það, hvort dómi skuli fullnægt eða eigi.

47. gr.

Dómsgerðir hæstarjettar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni dómstjóra undir.

VII. kafli.

Um gjöld, sektir o. fl.

48. gr.

Dómsmálagjöld í hæstarjetti skulu vera sem hjer segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðning hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumál- Nr. 22
um og sakaukamálum. 6. okt.

Í málum, sem ekki nema 100 kr., greiðast hálf gjöld.
Gjöldin renna í rikissjóð.

49. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sjer fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í rikissjóð.

50. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómping, skal hann greiða 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

VIII. kafli.

Ákvæði um stundarsakir.

51. gr.

Dómendur þeir, sem í öndverðu verða skipaðir í hæstarjett, skulu undanþegnir ákvæði 6. gr. 4. liðs.

52. gr.

Málflutningsmönnum þeim, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa leyfi til málflutnings við yfirdóminn og skrifstofu hafa í Reykjavík og bústað þar eða í grend, skal einnig rjett að flytja mál fyrir hæstarjetti, enda hafi þeir leyst af hendi raun þá, er í 13 gr. 3. lið segir, innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa.

53. gr.

Fyrstu 3 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, þó þannig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflega.

Nr. 22

6. okt.

54 gr.

Lög þessi taka eigi til þeirra einkamála, er stefna hefir verið tekin út í þeim til hæstarjettar Danmerkur, og eigi heldur til þeirra opinberra mála, er stefna þangað hefir verið rituð á dómgerðirnar áður en lögín ganga í gildi.

Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt þegar lög þessi ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar, eftir ákvæðum þessara laga, innan næstu 12 mánaða frá ádurnefndum tíma, en þó eigi lengur en 18 mánuði frá dómsuppsögn eða úrskurðar.

Hæstirjettur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til landsyfirdóms, þegar lögín ganga í gildi, en eigi hafa verið þar dæmd, í því ástandi, sem þau verða í, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Ef málfutningur er byrjaður fyrir yfirdómi, þá skal hann leiddur til lykta fyrir hæstarjetti eftir þeim reglum, sem um málfutning fyrir yfirdómi giltu.

IX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyriræli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstirjettur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstarjettar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstirjettur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þeir hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1920.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði numin úr gildi:

N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14. allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732. tilsk. 19. ág. 1735, 10 gr. og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfesti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18, 21 og 22. gr., opið brjef 2. júní 1819, um áfrýjunarleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr. Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málflutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 6. október 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon

Bráðabirgðalög

Nr. 23
5. nóv.

um

heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherrann í dóms- og kirkjumálum hefir tjáð Oss, að til landsins hafi nú flust nokkuð af brúkuðum fatnaði, og að hann verði, eins og á stendur, þar sem skæðar farsóttir ganga hjer og hvar, að telja innflutning brúkaðs fatnaðar og ýmislegs annars varnings hættulegan fyrir heilbrigði í land-